

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/76/EB

frá 1. október 1998

um breytingu á tilskipun 96/26/EB um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttaris í innanlands- og millilandaflutningum(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mismunur á stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur leitt til röskunar á samkeppni.
- 2) Því er nauðsynlegt að halda áfram samhæfingarferlinu á þessu sviði, innan rekstrarramma innra markaðarins, með því að styrkja enn frekar sameiginlegu reglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 96/26/EB ⁽⁴⁾.
- 3) Vegna þróunar á farmflutningsmarkaðinum og rekstrarkrafna innra markaðarins er nauðsynlegt að færa út gildissvið tilskipunar 96/26/EB þannig að hún taki til tiltekinna flokka farmflytjenda sem stunda flutninga á vegum gegn þóknun eða gjaldi með ökutækjum með lága burðargetu í tonnum, svo sem sendiboðþjónustu, með fyrirvara um sérstaka undanþágu fyrir farmflutningafyrirtæki sem stunda staðbundna, styttri flutninga á vegum með ökutækjum með leyfilega hámarksþyngd á bilinu 3,5 til 6 tonn.

- 4) Gera þarf stífari kröfur um góðan orðstír, ekki síst með tilliti til umhverfisverndar og starfsábyrgðar.
- 5) Til að forðast ójafnvægi á markaðinum er nauðsynlegt, með tilliti til ákvæðanna um fullnægjandi fjárhagsstöðu, að fastsetja hærra lágmark fyrir tiltækt fjármagn og sjóði, og festa verðgildi evrunnar á fimm ára fresti gagnvart gjaldmiðlum þeirra aðildarríkja sem ekki eru þátttakendur í þriðja áfanga myntbandalagsins.
- 6) Að því er varðar ákvæði um starfshæfni er nauðsynlegt að umsækjendur meðal flutningsaðila á vegum færi sönnur á að þeir hafi hlotið samhæfða lágmarksþjálfun í sömu greinum og að þeir séu handhafar vottorða, sem gerð eru eftir sambærilegri fyrirmynd, sem votta menntun og hæfi, einkum á viðskiptasviðinu, samkvæmt samhæfðu lágmarki og á grundvelli samræmdra prófunaraðferða í öllum aðildarríkjunum. Í því skyni er einnig nauðsynlegt að samhæfa tilteknar skipulagshliðar prófsins.
- 7) Þetta skal ekki hafa nein áhrif á rétt aðildarríkjanna til að skipuleggja skyldubundin undirbúningsnámskeið fyrir starfshæfnipróf fyrir þá umsækjendur sem taka það í fyrsta sinn og hafa fasta búsetu á yfirráðasvæðum þeirra.
- 8) Með fyrirvara um tilskipun 96/26/EB eru kunnáttustig, sem ber að taka tillit til við útgáfu vottorðs um menntun og hæfi, mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Vegna þessa mismunar eru líkur á að innlendar ráðstafanir séu talsvert breytilegar innan þess ramma sem skilgreindur er í I. viðauka við téða tilskipun, einkum að því er varðar starfshæfni flutningsaðilanna, gæði þjónustunnar og umferðaröryggi.
- 9) Samþykking ber að um takmarkaðan tíma og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina sé aðildarríki heimilt að krefjast þess að einstaklingar, sem ekki hafa áður fengið vottorð um menntun og hæfi í aðildarríki en sem hafa staðist starfshæfnipróf í einu aðild-

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 95, 24. 3. 1997, bls. 66 og Stjtið. EB C 324, 25. 10. 1997, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 287, 22. 9. 1997, bls. 21.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. júlí 1997 (Stjtið. EB C 286, 22. 9. 1997, bls. 224), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. mars 1998 (Stjtið. EB C 161, 27. 5. 1998, bls. 12) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. júní 1998 (Stjtið. EB C 210, 6. 7. 1998).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 124, 23. 5. 1996, bls. 1.

arríki á meðan þeir höfðu fasta búsetu í öðru aðildarríki, þar sem þeir hugðust gerast flutningsaðili á vegum í fyrsta skipti, þreyti aukapróf. Aukaprófið verður að taka til sviða þar sem innlendir þættir starfseminnar eru frábrugðnir samsvarandi þáttum í aðildarríkinu þar sem þeir stóðust prófið, hér er einkum átt við sérstaka innlenda þætti sem varða viðskipti, félagsmál, skattamál og tæknileg atriði og þætti sem tengjast skipulagi markaðarins og félagarétti.

- 10) Nauðsynlegt er að gera bráðabirgðaráðstafanir varðandi framkvæmd tilskipunar 96/26/EB í Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð.
- 11) Nauðsynlegt er að kanna reglulega hvort flutningsaðilar með tilskilin leyfi uppfylli ennþá kröfur um góðan orðstír, fullnægjandi fjárhagsstöðu og starfs hæfni.
- 12) Nauðsynlegt er að aðildarríkin komi á árangursríkum refsingum, sem eru í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif, í þágu snurdulausrar starfsemi innra markaðarins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 96/26/EB er breytt sem hér segir:

1) Í 2. mgr. 1. gr.,

- komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:

„— „starfsgrein farmflytjenda á vegum“: starfsemi fyrirtækis sem flytur vörur gegn þóknun eða gjaldi annaðhvort með vélknúnu ökutæki eða samtengdum ökutækjum,“
- bætist eftirfarandi undirliður við:

„— „föst búseta“: staðurinn þar sem einstaklingur býr að jafnaði, eða í að minnsta kosti 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónulegra tengsla og atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna að einstaklingurinn er nátengdur staðnum þar sem hann býr.

Föst búseta einstaklings, sem hefur atvinnutengsl á öðrum stað en persónulegu tengslin og dvelur þar af leiðandi til skiptis á mismunandi stöðum í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, telst vera þar sem hann hefur persónuleg tengsl, að því tilskildu að hann snúi aftur þangað með reglubundnu millibili. Þess er ekki krafist að síðastnefnda skilyrðið sé uppfyllt þegar einstaklingur dvelur í aðildarríki vegna tímabundinna verkefna. Háskólanám eða annað skólanám skal ekki fela í sér að föst búseta breytist.“

2) Í 2. gr.:

- komi eftirfarandi í stað 1. mgr.:

„1. Þessi tilskipun gildir ekki um fyrirtæki sem stunda farmflutninga á vegum með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum með leyfilega hámarksþyngd allt að 3,5 tonnum. Aðildarríkin geta þó lækkað þessi mörk í öllum eða sumum greinum flutningastarfsemi.“

- verði núverandi texti 2. mgr. að 2. mgr. a og eftirfarandi undirgrein bætist við:

„b) Í tilviki fyrirtækja, sem stunda farmflutninga á vegum með ökutækjum með leyfilega hámarksþyngd á bilinu 3,5 til 6 tonn, geta aðildarríkin, eftir að hafa tilkynnt það framkvæmdastjórninni, veitt fyrirtækjum, sem stunda eingöngu staðbundna flutninga, undanþágu frá þessari tilskipun, eða hluta hennar, enda hafi þessir flutningar hverfandi áhrif á flutningsmarkaðinn vegna þess hve um er að ræða stuttar vegalengdir.“

3) Í 3. gr.:

- komi eftirfarandi í stað c-liðar 2. mgr.:

„c) hafa verið dæmdir fyrir alvarleg brot á gildandi reglum um:

- launa- og starfsskilyrði í greininni, eða
- farmflutninga eða farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, einkum reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, mál og þyngd ökutækisins sem notað er, umferðaröryggi og öryggi ökutækis, umhverfisvernd og öðrum reglum er varða starfsábyrgð.“

- komi eftirfarandi í stað c-liðar 3. mgr.:

„c) Fyrirtækið verður að hafa tiltækt fjármagn og sjóði sem nema að minnsta kosti 9 000 evrum (EUR) þegar einungis eitt ökutæki er notað og að minnsta kosti 5 000 evrum (EUR) fyrir hvert ökutæki umfram það.“

Að því er varðar þessa tilskipun, skal festa verðgildi evrunnar á fimm ára fresti gagnvart gjaldmiðlum þeirra aðildarríkja sem ekki eru þátttakendur í þriðja áfanga myntbandalagsins. Nota skal gengi fyrsta virka dags októbermánaðar sem birt er í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna. Það skal öðlast gildi frá 1. janúar á næstkomandi almanaksári.“

- komi eftirfarandi í stað d-liðar 3. mgr.:

„d) Að því er varðar undirliði a, b og c er lögbæru yfirvaldi heimilað að samþykkja eða krefjast, til sönnunar, staðfestingar eða tryggingar banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar. Heimilt er að veita slíka staðfestingu eða tryggingu í formi bankaábyrgðar, hugsanlega í formi veðs eða ábyrgðar, eða annarrar samsvarandi tryggingar.“

— komi eftirfarandi í stað 4. mgr.:

„4. a) Skilyrðið um starfshæfni felur í sér að viðkomandi búi yfir kunnáttu sem svarar til þjálfunarþrepsins sem kveðið er á um í I. viðauka í þeim greinum sem þar eru taldar upp. Starfshæfni skal staðfest með skyldubundnu skriflegu prófi en heimilt er að hafa til viðbótar munnlegt próf sem skipulagt skal með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. viðauka af yfirvaldi eða stofnun sérstaklega tilnefndri í þessu skyni af aðildarríkinu.

b) Aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá prófi þeim umsækjendum sem sýnt geta fram á að minnsta kosti fimm ára starfsreynslu á sviði stjórnunar í flutningafyrirtæki, að því tilskildu að umsækjendurnir þreyti próf sem ákveðið skal nánar af aðildarríkjunum í samræmi við I. viðauka.

c) Aðildarríkin geta veitt handhöfum tiltekinna prófskírteina af æðri menntastigum, eða prófskírteina úr tækniskólum, undanþágu, þegar þessi prófskírteini eru til vitnis um haldgóða kunnáttu í þeim greinum sem taldar eru upp í I. viðauka og tilgreindar sérstaklega í þessu skyni, frá því að vera prófaðir í þeim greinum sem prófskírteinin taka til.

d) Framvísa verður vottorði, sem gefið er út af yfirvöldum eða þeim aðila sem um getur í a-lið, til sönnunar á starfshæfni. Vottorð þetta skal gert í samræmi við fyrirmynd að vottorði sem mælt er fyrir um í I. viðauka a.

e) Að því er varðar umsækjendur, sem hafa í hyggju að sinna að staðaldri og í reynd stjórnun fyrirtækja sem annast eingöngu innanlandsflutninga, er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að kunnáttan, sem ber að taka tillit til í því skyni að ákvarða starfshæfni, skuli aðeins taka til greina sem tengjast innanlandsflutningum. Í því tilviki skal tekið fram í vottorði um menntun og hæfi, en fyrirmynd að því er að finna í I. viðauka a við þessa tilskipun, að handhafi þess búi yfir starfshæfni til að sinna að staðaldri og í reynd stjórnunarstörfum í fyrirtækjum sem annast

flutninga eingöngu innan aðildarríkisins sem gaf út vottorðið.

f) Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, er aðildarríki heimilt að krefjast þess af hverjum þeim, sem er handhafi vottorðs um menntun og hæfi, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eftir 1. október 1999, á meðan hann hafði fasta búsetu í fyrrgreinda aðildarríkinu, að hann þreyti aukapróf sem skipulagt er af yfirvaldi eða stofnun sem sérstaklega er tilnefnd í þessu skyni af fyrrgreinda aðildarríkinu. Aukaprófið skal taka til þeirrar sérstöku kunnáttu sem tengist innlendum þáttum starfsemi farmflytjenda á vegum í fyrrgreinda aðildarríkinu.

Þessi liður skal gilda í þrjú ár frá 1. október 1999. Ráðinu er heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og samkvæmt reglum sáttmálans, að framlengja þetta tímabil að hámarki um fimm ár. Liðurinn skal eingöngu gilda um einstaklinga sem ekki höfðu enn fengið téð vottorð í aðildarríki þegar þeir fengu vottorð um menntun og hæfi við þær aðstæður sem um getur í fyrstu undirgrein.“

4) Í 5. gr.:

— bætist eftirfarandi undirliður við 1. mgr.:

„— 1. janúar 1995, að því er varðar Austurríki, Finnland og Svíþjóð,“

— bætist eftirfarandi undirliður við í fyrstu undirgrein 2. mgr. á eftir undirliðnum sem hefst á orðunum „— 2. október 1989“:

„— 31. desember 1994 og fyrir 1. janúar 1997, að því er varðar Austurríki, Finnland og Svíþjóð,“

— bætist eftirfarandi undirliður við í 2. mgr. í lok fyrstu undirgreinar á eftir undirliðnum sem hefst á orðunum „— 1. júlí 1992“:

„— 1. janúar 1997, að því er varðar Austurríki, Finnland og Svíþjóð,“

— bætist eftirfarandi málsgrein við:

„3. a) Öll fyrirtæki, sem hafa tilskilin leyfi til að stunda flutningastarfsemi á vegum fyrir 1. október 1999, skulu, að því er varðar ökutækjaflotann sem þau reka á þeim degi, uppfylla ákvæði 3. mgr. 3. gr. eigi síðar en 1. október 2001.

Fyrirtækin skulu, samt sem áður, fullnægja skilyrðum 3. mgr. 3. gr. að því er varðar hvers kyns viðbætur við flota sína eftir 1. október 1999.

- b) Fyrirtæki, sem stunda farmflutninga á vegum fyrir 1. október 1999 með ökutækjum með leyfilega hámarksþyngd á bilinu 3,5 til 6 tonn, skulu uppfylla skilyrði 3. mgr. 3. gr. eigi síðar en 1. október 2001.“

- 5) Í 1. mgr. 6. gr. bætast eftirfarandi undirgreinar við:

„Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld kanni reglulega og að minnsta kosti á fimm ára fresti að fyrirtækin uppfylli ennþá kröfur um góðan orðstír, fullnægjandi fjárhagsstöðu og starfshæfni.

Sé kröfunni um fullnægjandi fjárhagsstöðu ekki fullnægt, þegar könnunin fer fram, er yfirvöldum heimilt, gefi aðrar fjárhagsáætlæður fyrirtækisins ástæðu til að ætla, á grundvelli fjárhagsáætlunar, að kröfum um fullnægjandi fjárhagsstöðu verði aftur fullnægt til frambúðar, að gefa frekari frest, þó ekki lengur en til eins árs.“

- 6) Í 7. gr.:

- komi eftirfarandi í stað upphafsorðanna í 1. mgr.: „1. Ef erlendir farmflytjendur eða aðilar sem stunda farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, hafa brotið reglur ...“
- falli núverandi 2. mgr. niður og núverandi 3. mgr. verði að nýrri 2. mgr.

- 7) Í 8. gr.:

- falli orðin „og að ekki hafi komið til gjaldþrots“ niður í 2. mgr.
- falli síðasti málsliður niður í 4. mgr.

- 8) Í 3. mgr. 10. gr. komi dagsetningin, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun, í stað dagsetningarinnar 1. janúar 1990,

- 9) Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 10. gr.:

„10. gr. a

Aðildarríkin skulu samþykkja fyrirkomulag refsinga vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þessum refsingum sé beitt.

Refsingar, sem er kveðið á um með þessum hætti, skulu vera árangursríkar, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

10. gr. b

Frá og með 1. október 1999 skulu aðildarríkin viðurkenna sem nægilega sönnun fyrir starfshæfni vottorð sem eru í samræmi við fyrirmynd að vottorði sem fram kemur í I. viðauka a og gefin eru út af yfirvaldi eða stofnun sem sérstaklega er tilnefnd í þessu skyni af sérhverju hinna aðildarríkjanna.“

- 10) Í stað I. viðauka komi I. viðauki við þessa tilskipun og við bætist I. viðauki a í II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 1. október 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

C. EINEM

forseti.

*I. VIÐAUKI**„I. VIÐAUKI***I. SKRÁ YFIR ATRIÐI SEM UM GETUR Í 4. MGR. 3. GR.**

Kunnáttan, sem aðildarríkjunum ber að taka tillit til við opinbera viðurkenningu á starfshæfni, verður að minnsta kosti að taka til þeirra atriða sem talin eru upp hér á eftir fyrir farmflutninga á vegum annars vegar og farþegaflutninga á vegum hins vegar. Umsækjendur meðal farmflytjenda og aðila sem sjá um farþegaflutninga, verða að búa yfir því stigi kunnáttu og hagnýtrar færni í þessum atriðum sem nauðsynlegt er til að geta stjórnað flutningafyrirtæki.

Lágmarkskunnáttá má ekki vera, eins og bent er á hér á eftir, minni en sem nemur 3. þrepi í fyrirmyndinni að þjálfunarþrepum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun 85/368/EBE ⁽¹⁾, þ.e.a.s. þjálfunarþrepi sem fæst með skyldunámi ásamt annaðhvort starfsþjálfun og viðbótarsérþjálfun eða annarri þjálfun á framhaldsskólastigi.

A. Einkamálaréttur*Farm- og farþegaflutningar á vegum*

Umsækjandi verður einkum:

1. að þekkja helstu gerðir samninga sem notaðir eru í flutningum á vegum og réttindi og skyldur sem af þeim leiðir;
2. að vera fær um að gera lagalega gildan flutningssamning, einkum að því er varðar flutningsskilmála;

Farmflutningar á vegum

3. að vera fær um að leggja mat á bótakröfu frá umbjóðanda sínum vegna taps eða skaða á farmi meðan á flutningi stendur eða vegna seinkunar á afhendingu og skilja hvaða áhrif slík krafa hefur á samningsbundna ábyrgð hans;
4. að þekkja reglur og skyldur sem leiðir af samningnum um samkomulag í millilandaflutningum á farmi á vegum;

Farþegaflutningar á vegum

5. að vera fær um að leggja mat á kröfu frá umbjóðanda sínum vegna meiðsla á farþegum eða skaða á farangri þeirra sem orsakast af slysi meðan á flutningi stendur eða bótakröfu vegna seinkana og skilja hvaða áhrif slík krafa hefur á samningsbundna ábyrgð hans.

B. Verslunarréttur*Farm- og farþegaflutningar á vegum*

Umsækjandi verður einkum:

1. að þekkja skilmála og formsatriði sem mælt er fyrir um að kunna þurfi skil á til að stunda atvinnugreinina, almennar skyldur sem hvíla á flutningsaðilum (skrasetningu, bókhald o.s.frv.) og afleiðingar gjaldþrots;
2. að búa yfir viðeigandi þekkingu á hinum ýmsu gerðum verslunarfélaga og reglum um stofnun þeirra og rekstur.

C. Löggjöf á sviði félagsmála*Farm- og farþegaflutningar á vegum*

Umsækjandi verður einkum:

1. að þekkja hlutverk og starfsemi ýmissa félagslegra stofnana sem tengjast flutningum á vegum (stéttarfélag, samstarfsráða, trúnaðarmanna á vinnustöðum, vinnueftirlitsmanna o.s.frv.);

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 85/368/EBE frá 16. júlí 1985 um samanburð á kröfum um starfsmenntun og hæfi milli aðildarríkja Evrópubandalagsins (Stjtið. EB L 199, 31. 7. 1985, bls. 56).

2. að þekkja skyldur vinnuveitanda að því er varðar almannatryggingar;
3. að þekkja reglur um verksamninga fyrir hina ýmsu flokka launþega sem starfa hjá flutningafyrirtækjum (form samninga, skyldur samningsaðila, vinnuskilyrði og vinnutíma, launað leyfi, launakjör, sammingsbrot o.s.frv.);
4. að þekkja ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 (1) og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 (2) og hagnýtt fyrirkomulag við beitingu þessara reglugerða.

D. Löggjöf á sviði skattamála

Farm- og farþegaflutningar á vegum

Umsækjandi verður einkum að þekkja reglur um:

1. virðisaukaskatt á flutningaþjónustu;
2. þungaskatt á bifreiðar;
3. skatta á tilteknar gerðir farmflutningabíla ásamt vegatollum og mannvirkjagjöldum;
4. tekjuskatt.

E. Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis

Farm- og farþegaflutningar

Umsækjandi verður einkum:

1. að þekkja lög og viðteknar venjur í sambandi við notkun ávísana, víxla, skuldabréfa, greiðslukorta og annarra greiðsluleiða og -aðferða;
2. að þekkja hina ýmsu láns möguleika (bankalán, bankaábyrgðir, ábyrgðarskuldbindingar, veðlán, eignarleigu, leigu, kröfukaup o.s.frv.) ásamt gjöldum og skyldum þeim sem af þeim leiðir;
3. að vita hvað efnahagsreikningur er, hvernig hann er upp byggður og hvernig á að túlka hann;
4. að geta lesið úr og túlkað rekstrarreikning;
5. að geta metið arðsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækis, einkum á grundvelli kennitalna úr ársreikningum;
6. að geta útbúið fjárhagsáætlun;
7. að þekkja kostnaðarþætti fyrirtækis síns (fastakostnað, beinan kostnað, hreint veltufé, afskriftir o.s.frv.) og geta reiknað út kostnað á ökutækki, á kílómetra, á ferð eða á tonn;
8. að geta gert skipurit yfir starfsmenn fyrirtækisins í heild og sett saman vinnuáætlanir o.s.frv.;
9. að þekkja grundvallaratriði markaðssetningar, auglýsingastarfsemi og almannatengsla, þ.m.t. sölukynningar í flutningaþjónustu og gerð viðskiptamannaskráa o.s.frv.;
10. að þekkja hinar ýmsu gerðir váttrygginga sem tengjast flutningum á vegum (skaðabótaskyldutryggingar, slysa-/líftryggingar, skaða- og farangurstryggingar) og þá ábyrgð og skyldur sem af þeim leiðir;
11. að þekkja notkun mismunandi gerða rafrænna gagnaflutninga í flutningum á vegum;

Farmflutningar á vegum

12. að geta beitt reglum um gerð vörureikninga í farmflutningaþjónustu á vegum og þekkja þýðingu og áhrif „Incoterms“;
13. að þekkja ýmsar tegundir stoðþjónustu við flutningastarfsemi, hlutverk þeirra, verkefni og þar sem við á, réttarstöðu þeirra;

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum (Stj. tíð. EB L 370, 31. 12. 1985, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stj. tíð. EB L 370, 31. 12. 1985, bls. 8). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 (Stj. tíð. EB L 154, 12. 6. 1997, bls. 21).

Farþegaflutningar á vegum

14. að geta beitt reglum um fargjöld og verðlagningu í almennum og einkareknum farþegaflutningum;
15. að geta beitt reglum um gerð vörureikninga í farþegaflutningaþjónustu á vegum.

F. Markaðsaðgangur*Farm- og farþegaflutningar á vegum*

Umsækjandi verður einkum:

1. að þekkja reglur, sem gilda um starfsgreinina flutningar gegn þóknun eða gjaldi, leigu atvinnuökutækja og undirverktakastarfsemi, einkum reglur um opinbert skipulag starfsgreinarinnar, aðgang að henni, leyfi til flutninga á vegum innan og utan bandalagsins, eftirlit og viðurlög;
2. að þekkja reglur um hvernig stofna skuli fyrirtæki um flutninga á vegum;
3. að þekkja hin ýmsu skjöl sem krafist er í rekstri flutningaþjónustu á vegum og geta tekið upp eftirlitsaðferðir til að tryggja að samþykkt skjöl er tengjast hverjum flutningum, einkum þau sem varða ökutækið, ökumanninn, farminn og farangurinn, séu geymd bæði í ökutækinu og á athafnasvæði fyrirtækisins;

Farmflutningar á vegum

4. að þekkja reglur um skipulag farmflutningamarkaðsins, meðferð farms og skipulag;
5. að þekkja formsatriði í sambandi við að fara yfir landamæri, hlutverk og gildissvið T-skjala og TIR-skirteina og skyldur þær og ábyrgð sem leiðir af notkun þeirra;

Farþegaflutningar á vegum

6. að þekkja reglur um skipulag á markaði farþegaflutninga á vegum;
7. að þekkja reglur um stofnun fyrirtækja um flutningaþjónustu á vegum og geta gert flutningsáætlanir.

G. Tæknistaðlar og tæknilegar hliðar rekstursins*Farm- og farþegaflutningar á vegum*

Umsækjandi verður einkum:

1. að þekkja reglur um þyngd og mál ökutækja í aðildarríkjunum og verklag sem skal viðhaft við óvenjulega flutninga sem ekki falla undir þessar reglur;
2. að geta valið ökutæki og íhluta þeirra (undirvagn, vél, girakerfi, hemlakerfi o.s.frv.) í samræmi við þarfir fyrirtækisins;
3. að þekkja formsatriði sem tengjast gerðarviðurkenningu, skrásetningu og tæknilegu eftirliti með ökutækjunum;
4. að skilja hvaða ráðstafanir verður að gera til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir loftmengun frá útblæstri ökutækja;
5. að geta gert áætlanir um reglubundið viðhald ökutækja og búnaðar þeirra.

Farmflutningar á vegum

6. að þekkja hinar ýmsu gerðir búnaðar til meðferðar á farmi og feringar (gaffallokur, gáma, vörubretti o.s.frv.) og að geta viðhaft verklag og gefið fyrirmæli um feringu og affermingu (hvernig dreifa eigi farmi, hlaða honum, stafla, festa, skorða o.s.frv.);
7. að þekkja ýmis konar tækni við samsetta flutninga, svo sem flutning á opnum járnbrautarvögnum og ekjuferjum;

8. að geta viðhaft rétt verklag og farið að reglunum um flutning á hættulegum farmi og úrgangi, einkum þeim sem leiðir af tilskipun 94/55/EB (1), tilskipun 96/35/EB (2) og reglugerð (EBE) nr. 259/93 (3);
9. að geta viðhaft rétt verklag og farið að reglunum um flutning á matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum, einkum þeim sem leiðir af samningnum um millilandaflutninga á matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og um sérstakan búnað sem nota á til slíkra flutninga (ATP);
10. að geta viðhaft rétt verklag og farið að reglum um flutning á lifandi dýrum.

H. Umferðaröryggi

Farm- og farþegaflutningar á vegum

Umsækjandi verður einkum:

1. að vita hvaða starfshæfni er krafist af öikumönnum (ökuskirteinis, læknisvottorða, hæfnisskirteina o.s.frv.);
2. að geta gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öikumenn virði umferðarreglur, bönn og takmarkanir sem eru í gildi í hinum ýmsu aðildarríkjum (varðandi hámarks hraða, forgang, reglur um hvar má stöðva ökutæki og leggja þeim, ljósanotkun, umferðamerki o.s.frv.);
3. að geta útbúið fyrirmæli fyrir öikumenn um öryggiseftirlit, annars vegar með ástandi ökutækja, búnaði þeirra og farmi og hins vegar með forvörnum sem ber að gera;
4. að geta sett reglur um hvað beri að gera ef slys ber að höndum og gert rástafanir til að koma í geg fyrir að slys eða alvarleg umferðarlagabrot endurtaki sig;

Farþegaflutningar á vegum

5. að þekkja í grundvallaratriðum vegakerfi aðildarríkjanna.

II. FYRIRKOMULAG PRÓFSINS

1. Aðildarríki skulu skipuleggja skyldubundið, skriflegt próf, og er þeim heimilt að hafa til viðbótar munnlegt próf, til að staðfesta hvort umsækjendur meðal flutningsaðila hafa náð því kunnáttustigi sem krafist er í greinunum sem taldar eru upp í I. hluta, einkum færni í að nota þau áhöld og þá tækni sem þeim tengjast og í að annast viðkomandi stjórnunar- og samræmingarvinnu.
 - a) Skyldubundna, skriflega prófið skiptist í tvo hluta, þ.e.a.s.:
 - skriflegar spurningar sem annað hvort eru fjölvalsspurningar (með fjórum mögulegum svörum hver), spurningar sem krefjast beins svars eða blanda af báðum kerfum,
 - skriflegar æfingar/verkefni.
 Lágmarkslengd hvers hluta prófsins eru tvær klukkustundir.
 - b) Sé munnlegt próf skipulagt er aðildarríki heimilt að kveða á um að til þess að taka það verði viðkomandi að hafa staðist skriflega prófið.
2. Skipuleggi aðildarríkin einnig munnlegt próf verða þau að fastsetja vægi prófhlutanna þriggja, og má enginn þeirra hafa minna vægi en 25% og enginn meira en 40% af heildareinkunn.

Skipuleggi aðildarríkin aðeins skriflegt próf verða þau að fastsetja vægi hvers prófhluta, en enginn þeirra má hafa minna vægi en 40% og enginn meira en 60% af heildareinkunn.
3. Umsækjendur verða að ná samanlagt úr prófunum meðaleinkunn sem nemur að lágmarki 60% af heildareinkunn, og ekki fá undir 50% af mögulegri heildareinkunn í hverju prófi fyrir sig. Aðildarríki er aðeins heimilt að lækka hlutfall þeirrar einkunnar úr 50% í 40% í einu prófi¹.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum (Stjtið. EB L 319, 12. 12. 1994, bls. 7). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB (Stjtið. EB L 335, 24. 12. 1996, bls. 43).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 96/35/EB frá 3. júní 1996 um tilnefningu og starfsmenntun og hæfi öryggisráðgjafa við flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. EB L 145, 19. 6. 1996, bls. 10).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu (Stjtið. EB L 30, 6. 12. 1993, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 120/97 (Stjtið. EB L 22, 24. 1. 1997, bls. 14).

II. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI a

EVRÓPUBANDALAGIÐ

(Þykkur gulbrúnn pappír — Snið: DIN A4)

(Texti skal vera á einu eða fleiri opinberum tungumálum aðildarríkisins sem gefur vottorðið út)

Einkennisstafir viðkomandi aðildarríkis ⁽¹⁾Heiti lögbærs yfirvalds eða stofnunar ⁽²⁾VOTTORÐ UM MENNTUN OG HÆFI TIL INNANLANDS- [OG
MILLILANDA-] ⁽³⁾ FARMFLUTNINGA [FARÞEGAFLUTNINGA] ⁽³⁾

Nr. ...

⁽²⁾ staðfestir hér með:

- a) að ⁽⁴⁾
fædd(ur) í hinn
hefur staðist prófið (ár:; tímabil) ⁽⁵⁾ sem veitir vottorð um menntun og hæfi til innanlands-
[og millilanda-] ⁽³⁾ farmflutninga [farþegaflutninga] ⁽³⁾ í samræmi við ⁽⁶⁾
- b) að einstaklingurinn, sem um getur í a-lið, er hæfur til starfa sem krefjast faglegrar þekkingar hjá fyrirtækjum sem annast
farmflutninga [eða farþegaflutninga] ⁽³⁾:
— og annast eingöngu innanlandsflutninga ⁽³⁾,
— og annast millilandaflutninga ⁽³⁾,

Vottorð þetta er nægileg sönnun fyrir starfshæfni, eins og um getur í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskráttinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum.

Gefið út í, hinn

..... ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Einkennisstafir ríkisins: (B) Belgía, (DK) Danmörk, (D) Þýskaland, (GR) Grikkland, (E) Spánn, (F) Frakkland, (IRL) Írland, (I) Ítalía, (L) Lúxemborg, (NL) Holland, (A) Austurríki, (P) Portúgal, (FIN) Finnland, (S) Svíþjóð, (UK) Breska konungsríkið.

⁽²⁾ Yfirvald eða stofnun fyrirfram tilnefnd af hverju aðildarríki Evrópubandalagsins í því skyni að gefa út þetta vottorð.

⁽³⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

⁽⁴⁾ Kenninafn og eiginnöfn; fæðingarstaður og fæðingardagur.

⁽⁵⁾ Nánari upplýsingar um prófið.

⁽⁶⁾ Tilvísun í ákvæði landslaga sem samþykkt hafa verið á þessu sviði í samræmi við téða tilskipun.

⁽⁷⁾ Undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds eða stofnunar sem gefur út vottorðið.